

Rannsóknarferð til Austurlands í júlí 1974.Skýrsla.Inngangur.

Dagana 16. júlí - 20. júlí var unnið við vatnalíffræðilegar rannsóknir á Héraði. Farið var í nokkur vötn og helstu ár svæðisins athugaðar með tilliti til fiskframleiðslu. Til veiða í vötnum var notuð stöðluð netasamstæða: 8 net með möskvastærðum frá 21 mm - 51 mm á legg. Þessi samstæða veiðir nokkuð jafnt á allar stærðir af fiski frá 19 - 50 cm að lengd. Stundum var aðeins notaður hluti samstæðunnar, stundum var bætt við netum, allt eftir þörfum. Sjónþýpi og vatnslitur var ákvarðað með Secci disk, en það er hvít skífa, 20 cm í þvermál og er henni sökkt niður í vatnið. Allir fiskar voru mældir og veggir, kyn og kynþroski ákvarðað. Fylling maga var flokkuð 0 - 5, þar sem 0 táknað tóman maga, en 5 úttroðinn. Magainnihaldið var yfirleitt greint á staðnum, en stundum voru sýni tekin með til nánari greiningar í rannsóknastofu. Aldurs og vaxtarsýni voru tekin af flestum fiskunum. Til aldursákvörðunar voru notaðar kvarnir, þar að auki hreistur hjá urriða. Hjá urriðanum var hreistrið einnig notað til útreikninga á vexti hans skv. Lea-Dahls aðferð, en hún byggist á því að hreistur fisksins vaxi hlutfallslega jafn hratt og fiskurinn sjálfur, og þá er hægt með því að mæla breidd hinna ýmsu árhringja, að reikna út hve fiskurinn hafi verið langur við 1., 2., 3., 4. vetur o.s.frv. Þyngdarstuðull (K) er reiknaður skv. $K = \text{lengd}^3 \text{ cm} / \text{þyngd g} \cdot 100$. Urriði í eðlilegum holdum hefur $K = 1,0$ og bleikja $K = 0.9$. Við athuganir í ánum var mest litið á dýralíf og þær metnar skv. því, einnig voru gerðar nokkrar hitamælingar. Rafveiðitæki var ekki með í förinni og því ekki hægt að kanna seiðamagn í þeim sem hefði verið æskilegt. Eins hefði verið æskilegt að geta tekið vatnssýni til efnagreiningar. Vonandi verður hægt að bæta um næst þegar farið verður á svæðið. Fara nú hér á eftir helstu niðurstöður sem fengust í þessari rannsóknaferð.

SKRIÐUVATN í SKRIÐDAL.

Vatnið virðist allt nokkuð jafndjúpt, um 7 - 8 m viðast hvar og meira dýpi fannst ekki. Marbakkinn er frekar mjór og brattur þar sem vatnið liggur að hliðum dalsins, en til endanna dýpkar það jafnar.

Sjónsdýpi: 7,5 m.

Vatnslitur: grænn

Hiti 0 m: 10.0 °C.

Mjög lítið dýrasvif var í vatninu á þessum tíma.

Fiskstofninn.

a) Afla og lengdardreifing.

7 net voru lögð í norð austanvert vatnið og lágu þau eina nótta. Afla varð sem hér segir:

Fjöldi neta	Möskvastærð	fjöldi fiska
1	14 omf/alin (45 mm)	1
1	16 " (40 mm)	3
1	18 " (35 mm)	2
1	22 " (29 mm)	7
1	24 " (26 mm)	8
2	30 " (21 mm)	5
7 net		26 fiskar

Eingöngu veiddist urriði og var minnsti fiskurinn 24.5 cm langur og 155 g að þyngd, en sá stærsti 47 cm og ca. 1100 g. Skipting aflans í 3 cm lengdarflökka er sýnd í töflu 5, á bls. 11.

b) Aldur og vöxtur.

Yngsti fiskurinn var 5 vetra gamall, en sá elsti 11 vetra

Aldursdreifing aflans kemur fram í töflubls. 12. Þar eru einnig sýndar meðallengdir hvers árgangs og útreiknaðar meðallengdir í lok hvers æviárs. Vaxtarlinurit er sýnt á myndibls. 13. Vöxturinn er hægur en mjög jafn fyrstu 8 árin, eftir það dregur úr honum. Athyglisvert er hve mikið er af gömlum fiski.

c) Þyngdarstuðull, kjötlitur og næring.

Þó vöxturinn sé hægur er fiskurinn samt ágætlega feitur ($\bar{K} = 1,04$) og afbragðsgóður til neytslu. Kjötlitur var dökkrauður hjá öllum fiskunum nema tveim þeim minnstu, þeir voru ljósrauðir á fiskinn. Magainnihald var mjög blandað, og samsetning þess bendir til talsverðar samkeppni milli einstaklinga um fæðu. Skötuormur (*Lepidurus*) og efjufló (*eurycercus lamellatus*) voru mikill hluti fæðunnar á þessum tíma, og er þar komin skýring á hinum dökkrauða kjötlit, en til þess að hann komi fram þurfa krabbadýr að vera hluti fæðunnar.

Tekið skal fram, að til þess að fá hugmynd um raunverulegt fæðunám fiskstofnsins þarf að taka sýni reglulega yfir langt tímabil. Sýnataka í eitt skipti getur aðeins gefið vissa vísbendingu.

Ímsar upplýsingar og ályktanir.

Skv. upplýsingum heimafólks er vatnið sáralítið nytjað, enda ber aldurssamsetning sýnisins ljósan vott um það, (mikið af gömlum og tiltölulega stórum fiski). Það sem vakti athygli á vettvangi, þegar vitjað var um netin, var hve afli var líttill sérstaklega af smáfiski og hve fiskurinn var feitur og jafn stór. Þetta er einmitt einkenni á vansetnu vatni (léleg hrygningarskil-yrði, fáir fiskar, stórir fiskar). Erfitt var að ímynda sér að Skriðuvatn væri vansetið því hrygningarstöðvar virtust mjög góðar, þar sem Múlaá rennur í gegnum vatnið, og er fiskgeng bæði uppúr og niðurúr. Þegar svo aldurs og vaxtarannsóknir höfðu verið framkvæmdar kom í ljós að eitt aðaleinkenni vansetnu vatnanna vantaði, hinn hraða vöxt. Vöxtur urriðans í Skriðuvatni er hægur, 6 fyrstu árin vex hann að meðaltali 25,3 cm, en meðal-vöxtur urriða á Íslandi er um 29,0 cm 6 fyrstu árin, (í Þórisvatni er hann t.d. 28,9 cm).

Margt bendir til þess að urriðastofninn í Skriðuvatni sé

all þéttur og með háan meðalaldur. Hæfilegt veiðiálag getur orðið til mikilla bóta fyrir fiskstofninn og etv. botndýralifið líka (enda óskynsamlegt að nýta ekki jafn ágætan fisk).

Vatnið virðist hafa allt það upp á að bjóða sem krafist er af góðu stangveiðivatni. Fagurt umhverfi, vænan fisk, góða fjöru, botn með litlum festum svo eitthvað sé talið. Það er einnig í þjóðbraut og gæti orðið vinsæll áningarstaður ferðamanna, ef komið yrði upp nauðsynlegri aðstöðu, svo sem afmörkuðum tjaldstæðum og hreinlætisaðstöðu.

HAUGATJÖRN.

Haugatjörn er rétt fyrir norðan Skriðuvatn, austan við þjóðveginn. Tjörnin var ekki rannsokuð að öðru leiti en því að tekin voru aldurs og vaxtarsýni af 12 urriðum sem er eina silungstegundin þar. Stærsti fiskurinn var 35,5 cm langur og 7 vетra gamall. Tafla 1, sýnir niðurstöður aldurs og vaxtarútreikninga.

Tafla 1. Aldur og vöxtur urriða úr Haugatjörn, 17.7. '74.

aldur	árgangur	fj.	\bar{L}	\bar{l}_1	\bar{l}_2	\bar{l}_3	\bar{l}_4	\bar{l}_5	\bar{l}_6	\bar{l}_7
4+	1970	4	24.38	2.28	7.25	12.08	18.78			
5+	1969	5	28.20	2.90	6.98	11.32	17.48	23.48		
6+	1968	2	30.25	2.00	6.40	9.75	13.15	20.60	26.45	
7+	1967	1	35.50	2.40	4.70	9.40	15.80	23.00	30.10	34.50
samtals fjöldi 12 meðall.				2.50	6.78	11.15	17.05	22.70	27.67	34.50

\bar{L} = meðallengd

\bar{l}_1 , \bar{l}_2 , \bar{l}_3 , o.s.frv. = lengd við 1. vetur, 2. vetur o.s.frv..

Fæðan var mest vatnabobbar (*limnea* sp.), einnig efjufló (e. *lamellatus*), rykmý (*chironomidae*) o.fl.. Vöxtur er í meðallagi og virðist hann hafa aukist á síðustu árum. Að sögn er mikið af smá- og millifiski í tjörninni, og ætti því aukin sókn að vera til bóta.

LAGARFLJÓT.

Sýni voru tekin á svæði við Hafursá, sem er um 8 km frá suðurenda Fljótsins austan megin. Sjónþýpi var ekki nema nokkrir sentimetrar. Hiti var mældur frá yfirborði niður á 27 m dýpi. Niðurstöður eru sýndar í töflu 2. Blíðuveður var og heitt í veðri.

Tafla 2. Hitamæling í Lagarfljóti við Hafursá, 17/7 '74.

Dýpi m	Hiti °C
0	11.5
1	10.5
2	9.5
3	9.5
4	9.2
5	8.9
10	8.9
15	8.8
20	8.7
27	8.3

Botnsýni.

Tekið var botnsýni á 15 m dýpi með Pettersens botngreip, og leðjan siuð í gegnum kopardúk með 0,6 mm möskva. Engin dýr fundust og engar rotnandi lífrænar leifar. Ekki reyndist unnt að taka botnsýni á grynnra vatni, vegna þess hve botnefnin voru gróf.

Fjörutinsla.

Leitað var að dýrum á steinum á 0 - 40 sm dýpi, en þau fundust ekki. Ekkert slý var á steinunum, en við Lagarfljóts-brú vottaði fyrir slýi á steinum í fjörunni. Aðeins varð þar vart við dýr, örfaar rykmýslirfur (chironomidae).

Svif.

Háfað var eftir dýrasvifi við Hafursá, en ekkert fannst. Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur hjá Orkustofnun gaf þær upplýsingar að hann hefði safnað svifi við Strauma (um 5 km

ofan við Lagarfoss). Ekki kvaðst hann hafa fundið dýrasvif, og lítið plöntusvif, (aðallega var um tvær tegundir af kísilþörungum að ræða). Framleiðnimæling gaf jákvæða en mjög litla framleiðni og þá aðeins í efstu sentimetrum vatnsins.

Fiskur.

12 netum með 21 - 50 mm möskva var dreift á svæðið frá Hafursá að Þurshöfða. Afli varð 13 bleikjur, 20 - 40 cm langar og 6 urriðar 17,4 - 25,5 cm langir. Skipting aflans í lengdarflokkja sést í töflu 5, bls. 11. Mestur hluti aflans kom í smáriðið net við ósa Hafursár, og greinilegt að fiskur virtist halda sig við innstreymi af tæru vatni.

Aldur og vöxtur.

Urriði.

Urriðarnir voru frá 6 - 13 vетra gamlar og vöxturinn mjög hægur. Meðallengd eftir 6 ár reiknaðist 18.7 cm, sem samsvarar 3.11 cm árlegum meðalvexti 6 fyrstu árin. Þetta er mjög hægur vöxtur, sá hægasti sem enn hefur fundist hjá urriða á Íslandi. Meðaltalið er um 4.9 cm á ári 6 fyrstu árin, og besti vöxturinn er hjá urriðanum í Laxá í Þing., 7,1 cm á ári. Vaxtarlinuritið er sýnt á mynd 13, bls. 13.

Bleikja.

Aldursdreifing bleikjunnar er sýnd í töflu 3, bls. 6.

Tafla 3. Aldursdreifing bleikju úr Lagarfljóti.

aldur í vetrum	fjöldi	lengd í cm
4+	1	23.0
5+	1	20.0
6+	3	24.0, 27.0, 25.5
7+	1	27.5
8+	2	35.0, 26.0
10+	1	26.5
12+	2	33.5, 40.0
15+	1	38.0

Af töflunni sést að bleikjan er gömul og vex hægt. Þar

sem ekki er unnt að reikna út vöxt af bleikjuhreistri þarf miklu fleiri aldursákvarðanir til að fá betri mynd af vextinum. Á mynd 2., bls. 14. er sýnd lengd bleikjunnar miðað við aldur.

Fyngdarstuðull og næring.

Urriðinn hafði meðalþyngdarstuðul (\bar{K}) = 0,84 sem er mjög lágt, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess hve fiskurinn er smár. Venja er að meðalfeitur urriði hafi $K = 1,0$ (sbr. Skriðuvatn). Hjá bleikjunni var $\bar{K} = 0,80$, sem einnig er mjög lágt. Einstöku fiskar voru mjög horaðir ($\bar{K} = 0,64$ og $\bar{K} = 0,38$) Kjötlitur var hvítur hjá öllum fiskunum nema tveim bleikjum sem voru ljósrauðar á fiskinn. Magafylling var mjög lítil, 9 fiskar voru með tóman maga, og 5 með hálfan eða hálftóman. Einungis tveir fiskar voru með fullan maga. Einu „ekta“ vatnadýrin sem fundust voru lirfur og púpur rykmýs (chironomidae) og vatnamaur (hydracarina). Öll önnur fæðudýr voru aðkomin t.d. bjöllur (staphylinidae), fullvaxnar tvívængjur (bibio sp., chironomidae o.fl.) og fullvaxnar vorflugur (trichoptera). Eins fannst hreinlega sorp í maga þriggja fiska.

Nú veiðist eitthvað af stærri urriða í Lagarfljóti, og hljóta þeir því að hafa vaxið betur en þeir sem veiddust í þessari rannsóknáferð. Til heimilisveiða eru eingöngu notuð nokkuð stóriðin net sem velja úr stóra fiskinn, en sleppa þeim smáa í gegn. Fljótið er svo fæðu-snautt, að litlar líkur eru á að fiskur geti orðið stór þar án þess að lifa af öðrum fiskum smærri. Þarf að kanna það mál nánar.

Ár sem falla í Lagarfljót.

Eins og sagt er í inngangi var ekki unnt að nota nýjustu tækni (rafveiðar) til að ákvarða seiðamagn sem elst upp í þessum ám, og fá á þann hátt mynd af framleiðslugetu þeirra. Því var athugun á þessum ám mjög lausleg og verða niðurstöður og ályktanir að metast samkvæmt því. Eftirfarandi hitamælingar voru gerðar:

A	dags.	tími dagsins	vatns- hiti °C	loft- hiti
Eyvindará v. brú	17.07	17 ³ °	13,5	16,5
- " - - " -	18.07	20 ⁰ °	13,3	15-18
- " - - " -	20.07	12 ³ °	9,0	15,5
Grímsáv. brú	17.07	17 ⁵ 5	12,2	16,0
Gilsá v. Eiðar	18.07	22 ⁰ °	14,0	
- " - - " -	20.07	13 ³ °	12,8	15,0

Ímsar upplýsingar og ályktanir.

Botndýralíf var athugað í Eyvindará og Gilsá, með því að skoða steina úr botninum. Reyndist það mjög lítið, samanborið við við ár á SV-landi. Áberandi er hve Eyvindará er silfurtær, en það bendir til lítils innihalda lífrænna efna. Hvort tveggja kemur þetta heim við vatna- og landfræðileg einkenni ánnar, þ.e. dragár, sem renna eftir næringarsnauðum berggrunni. Slikar ár hafa miklar sveiflur í vatnsmagni og hitastigi. Þær eru því harðbýlar, enda mikið af bleikju í þeim, en hún þolir léleg skilyrði best allra vatnafiska. Lax á mjög erfitt uppdráttar í slíkum ám og er ástæða til að vara við þeirri miklu bjartsýni sem lengi hefur ríkt, um að gera Lagarfljótssvæðið að „stórkostlegu“ laxveiðisvæði. Því skyldi t.d. ekki veiðast nema hreint örfáir laxar í Gilsá, sem hefur beint samband við sjó, og virðist með skárri ám á svæðinu? Þeim sem rannsakað hafa vatnakerfi Lagarfljóts (F. K. Reinsch 1926, Geir Gígja 1946) ber saman um að Lagarfljót sjálft sé átu snautt og kemur það vel heim við þessa skýrslu. Báðir telja þeir að þverárnar hafi mjög góð skilyrði til laxauppeldis, en þar er ég þeim ósammála, af ástæðum sem þegar hafa verið nefndar. Að sjálfssögðu hlýtur hlutlægt mat, sem ekki byggist á hreinum tölulegum niðurstöðum að vera breytilegt, og það sem þarf að gera, er að sleppa sumaröldum laxaseiðum á fyrirfram ákveðna staði í vatnakerfi Lagarfljóts og fylgjast síðan með afkomu þeirra á hverjum stað fyrir sig, með sömu tækni og beitt var við Laxá í Þingeyjarsýslu af Östen Karlström 1971-73, þ.e.a.s. endurteknum rafveiðum á sleppisvæðunum. Á þann hátt yrði séð, hve mikið af laxaseiðum svæðið getur fóstrað.

URRIÐAVATN.

Til er ágætt kort af vatninu, en það var mælt af vatnамælingum Orkustofnunar 1963. Þar má sjá að vatnið er allt grunnt, mesta dýpi mældist 10,5 m og meðaldýpi 4,4 m. Því má segja að dýptarskilyrði séu eins góð og á verði kosið fyrir botndýr og gróður.

Sjónsdýpi : 5,0 m.

Vatnslitur : gul-grænn.

Hiti 0 m : 13,3 °C

Lögð voru 4 net í SV-vert vatnið: 21 mm og 26 mm, grunnt austanmegin, 29 mm og 35 mm netin vestan megin og dýpra. Afli varð sem hér segir:

möskvastærð neta	fj. urriða	fj. bleikju
21 mm á legg	6	0
26 mm á legg	3	1
29 mm á legg	0	4
35 mm á legg	1	0

samtals 10 urriðar 5 bleikjur

Greinilegt var að bleikjan hélt sig dýpra en urriðinn. Þetta er líttill afli, en taka verður tillit til þess að óvenju stillt og bjart veður var á þessum tíma. Silungsveiði í vötnum er oft mjög léleg yfir hásumarið.

Fiskstofnarnir.

Veiðin var allt of lítil til þess að fá góða mynd af silungastofninum, en gefa eigi að síður mikilsverðar upplýsingar.

Urriði.

Skipting urriðaaflans er sýnd í töflu 5, bls. II. Minnsti fiskurinn var 17,3 cm langur og 55 g þungur, en sá stærsti, var 45,5 cm og um 1 kg á þyngd. Tafla 4, sýnir meðallengdir hvers árgangs, og útreiknaðar lengdir á lok hvers vetrar.

Tafla 4. Útreiknaðar lengdir á Urriða í Urriðavatni 19/7 '74.

aldur	árgangur	fj.	\bar{L}	\bar{l}_1	\bar{l}_2	\bar{l}_3	\bar{l}_4	\bar{l}_5	\bar{l}_6
2+	1972	1	17,3	4,1	12,2				
3+	1971	6	21,7	3,5	8,8	16,0			
5+	1969	2	38,8	3,6	9,1	14,7	27,1	35,1	
6+	1968	1	45,5	4,6	9,9	16,5	27,3	37,8	44,3
fjöldi 10 meðalt.				3,7	9,3	15,8	27,2	36,0	44,3

Vaxtarlinurit er sýnt á mynd 1, bls. 13. Urriðinn vex með ein-dæmum hratt (sjá það sem áður er sagt um vöxt urriða annarsstaðar á landinu, bls 3.). Allflestir urriðanna voru með fullan magann af hornsílum. og er því ekki furða að þeir vaxi hratt ef þeir neyta mikils af slikri fæðu.

Bleikjan.

Bleikjurnar voru frá 29 cm og 185 g upp í 34,5 cm og 350 g, og aldurinn frá 7 - 11 vетra. Þær voru allar horaðar, $\bar{K} = 0,81$ og með tóman maga.

Ýmsar upplýsingar og ályktanir.

Heimafólk sagði bleikjuna smáa og horaða, og benti það til þess að vatnið væri ofsetið af henni. Ákjósanlegur hrygningarbótn studdi einnig þá skoðun. Þess vegna var ekki veitt með fullri netasamstæðu og tímans vegna ekki hægt að leggja aðra nótt. Ég er þeirrar skoðunnar að vatnið sé ofsetið bleikju þrátt fyrir þennan litla afla og byggi það á eftirfarandi: Góðar riðstöðvar, veiði lítið stunduð, bleikjan gömul, horuð, mikil af fiskiandamaðki í innýflum. Vatnið er vel í sveit sett og ætti að geta orðið vinsælt stangveiðivatn. Til þess að svo megi verða, verður að grisja bleikjustofninn verulega og etv. sleppa urriðaseiðum í vatnið, því skortur á riðstöðvum og svo hinn mikli vöxtur bendir til þess að urriðastofninn sé fremur litill.

TAFKA 6:

SKIPTING AFLANS 1 3 SM LENGDARFLOKKA

		Fjöldi fiska í lengdarflokk														
VATN	DAGS:	<	13.5	16.5	19.5	22.5	25.5	28.5	31.5	34.5	37.5	40.5	43.5	46.5	>	SAMTALS
Skriðuvatn	16/7					2	1	4	1	6	6	1	1		26	
Lagarfjót urriði	18/7		1	2	2	1									6	
— " —	bleikja	18/7			2	2	5		1	1	2				13	
Urríðavatn urriði	19/7			1	4	1	1	1						2	10	
— " —	bleikja	19/7						3	1	1					5	

Tafla 6. Útreiknaðar lengdir á Urríða í Skriðuvatni 16/7 1974.

aldur	árgangur	fj.	\bar{L}	\bar{L}_1	\bar{L}_2	\bar{L}_3	\bar{L}_4	\bar{L}_5	\bar{L}_6	\bar{L}_7	\bar{L}_8	\bar{L}_9	\bar{L}_{10}	\bar{L}_{11}
5+	1969	1	24.50	3.00	6.20	11.30	16.10	22.20						
6+	1968	6	30.50	2.53	6.83	11.43	16.32	22.43	27.93					
7+	1967	6	31.83	2.30	6.40	10.40	13.70	17.85	22.32	28.92				
8+	1966	2	41.00	2.90	7.30	11.30	16.75	21.90	27.85	35.40	40.05			
9+	1965	7	41.07	3.03	7.01	10.76	15.31	19.66	24.09	28.71	34.33	39.20		
10+	1964	3	42.50	3.60	8.13	12.47	16.40	21.20	26.90	32.00	37.93	40.33	41.63	
11+	1963	1	44.00	3.40	8.00	11.80	15.90	20.80	26.20	31.60	35.50	40.50	42.70	43.50
samtals fjöldi				26	meðall.:	2.82	6.99	11.13	15.46	20.37	25.31	30.15	36.13	39.63
														41.90
														43.50

\bar{L} = meðallengd

\bar{L}_1 , \bar{L}_2 , o.s.frv. = lengd við 1. vetur, 2. vetur, o.s.frv..

VAXTARLINURIT FYRIR URRIDA

JULI 1974 .(FJÖLDI FISKA I SVIGUM)



